

Aðalfundur foreldrafélags Giljaskóla  
02.okt 2019 kl 19:30



Mættir úr stjórn - Ásrún Hersteinsdóttir, Birna Baldursdóttir, Ingunn Ósk Svavarsdóttir og Linda Hafdal

Í Giljaskóla eru 387 börn – mættir á fund 35 foreldrar

1. Ólafía Kristín (Lóa) frá Rósenborg sagði frá klúbbstarfi félagsmiðstöðvanna. Starfið gengur mjög vel í Giljaskóla og er vel sótt. Einnig sagði Lóa frá opnu húsi fyrir miðstig og hvernig þau ganga fyrir sig. Þar ríkir mikil gleði og er vel sótt.
2. Hrafnhildur Guðjónsdóttir – verkefnasýra frístunda, koma og sagði okkur frá áformum um að gera vinnudag barna í 1. – 4.bekk, samfelldan.

Í kjölfarið spannst mikil og góð umræða.

### 3. Almenn aðalfundarstörf

Ásrún, formaður foreldrafélagsins, fór yfir reikninga félagsins og þeir svo samþykktir. Kjósa þarf að lágmarki 3 nýja foreldra í stjórn foreldrafélagsins. Tveir bættust við á fundinum – Linda Eygló Harðardóttir og Ingimar Eydal. Við bjóðum þau velkomin í stjórnina.

Upp kom sú hugmynd að senda út póst á alla foreldra og óska eftir fleirum í stjórnina til að gera hana enn öflugri. Það var samþykkt að Ella og Birna myndu sjá um bréfið og senda.

Foreldrafélagið vill beita sér fyrir upphituðum körfuboltavelli og bættri aðstöðu fyrir reiðhjól, sérstaklega fyrir framan skólann.

Birna auglýsti eftir boxpúða og hönskum ef einhver á og vill gefa skólanum.

Mikil umræða um foreldraröltið og áframhald á því. Mikil þörf á að halda því áfram og efla það. Ný stjórn mun fara af stað með það.

Fundaritari: Birna S. Baldursdóttir